

# Hvert liggur leiðin? Leit sjónskertrar stúlku að framhaldsskóla

Aðalbjörg Óskarsdóttir



Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar B.Ed.-gráðu  
í grunnskólakennarafræði við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Apríl 2009

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

# Hvert liggur leiðin?

Leit sjónskertrar stúlku að framhaldsskóla

Aðalbjörg Óskarsdóttir  
250182-5389

Háskóli Íslands  
Menntavísindasvið  
Kennaradeild, grunnskólakennarafræði  
Apríl 2009

## Útdráttur

Viðfangsefni þessarar ritgerðar var að kanna hvað liggur að baki ákvörðunar ungrar sjónskertrar stúlku við val á framhaldsskóla. Niðurstöður byggja á eiginlegri rannsókn sem var unnin á tímabilinu ágúst 2008 til mars 2009. Þátttakendur í rannsókninni voru fimmtán ára gömul sjónskert stúlka og móðir hennar. Markmiðið er að lýsa reynslu þeirra af þeim þáttum sem huga þurfti að við val á framhaldsskóla.. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að framhaldsskólarnir voru mistilbúnir til að taka á móti sjónskertum nemanda og að við val á skóla þurfti að taka tillit til aðgengis og félagslegra þátta.

## **Formáli**

Þetta verkefni er lokaverkefni til BEd gráðu frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands, áður Kennaraháskóla Íslands. Verkefnið var unnið á vormisseri 2009 og var dr. Hanna Björg Sigurjónsdóttir lektor í fötlunarfræði við Háskóla Íslands leiðbeinandi minn. Þakka ég henni kærlega fyrir sem og þátttakendunum í rannsókninni, þeim Nínu Ólafsdóttur og Jónínu Tryggvadóttur. Þær mæðgur hafa leyft mér að fylgjast mjög náið með sér undanfarna mánuði í þessari leit og þar af leiðandi gert mér kleift að ljúka þessu verkefni.

Fjölskylda mín á einnig þakkir skildar fyrir ómetanlegan stuðning síðastliðin ár.

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	7
Val á viðfangsefni .....	8
Uppbygging ritgerðar .....	8
2. Fræðilegur bakgrunnur .....	9
Fötlunarfræði .....	9
Læknisfræðilega líkanið um fötlun .....	10
Norræna tengslasjónarhornið á fötlun .....	10
Breska félagslega líkanið um fötlun .....	11
Þróun menntunar blindra og sjónskertra á Íslandi .....	12
Jafnrétti til náms .....	14
Félagsleg staða blindra og sjónskertra ungmenna .....	16
Gengi í skóla .....	19
Rannsóknarspurningar .....	19
3. Framkvæmd rannsóknar .....	20
Rannsóknaraðferð .....	20
Þátttakendur .....	21
Gagnasöfnun .....	21
Siðferðileg álitamál .....	22
4. Reynsla Nínu .....	24
Vinirnir .....	24
Aðstoð .....	25
Samskipti við aðra blinda og sjónskerta einstaklinga .....	26
Stuðningur í grunnskóla .....	27
Leitin að skóla .....	27
Viðbrögð skólayfirvalda .....	28
Þjónustumiðstöðin .....	28
Hvað ræður vali á skóla? .....	29

Félagslegir þættir .....	30
Umhverfisþættir .....	31
Námslegir þættir .....	32
5. Lokaorð .....	33
Heimildaskrá .....	36

# 1. Inngangur

Ritgerðin sem er metin til 6 eininga í grunnskólakennarafræðum byggir á eigindlegri rannsókn sem greinir frá leit ungrar sjónskertrar stúlku og móður hennar að framhaldsskóla. Ætlunin er að koma reynslu og upplifun þeirra mæðgna á framfæri en enginn framhaldsskóli er í heimabyggð stúlkunnar og því á hún ekki annara kosta völ en að flytja á höfuðborgarsvæðið eða fara í heimavistarskóla á landsbyggðinni. Ekki eru allir framhaldsskólar landsins með fullnægjandi aðgengi fyrir blinda og sjónskerta nemendur og því er ekki hægt að tala um fullkomið jafnrétti til náms. Markmiðið með þessari rannsókn er að finna út hvað er efst í huga þessarar stúlku þegar hún leitar sér að framhaldsskóla. Gildi rannsóknarinnar liggur ekki síst í því að læra af reynslu þessarar stúlku en það er nauðsynlegt að hlusta á raddir blindra og sjónskertra nemenda til þess að hægt sé að vinna í bættu aðgengi fyrir þá sem á eftir koma.

Ég hef fylgst með þessari stúlku, Nínu, frá fæðingu og unnið með henni síðastliðin ár í blindraleturskennslu (braille). Í vetur hafði móðir hennar óformlega samband við nokkra framhaldsskóla landsins til að kanna möguleika á að Nína sækti um þar. Í ljós kom að ekki voru allir skólarnir tilbúnir til þess að taka við sjónskertum nemanda þrátt fyrir að lög kveði á um að hver sem hafi lokið grunnskólaprófi eigi rétt á framhaldsnámi. Í framhaldi af þessari reynslu þeirra mæðgna ákvað ég að taka þetta efni fyrir í lokaverkefni við Kennaraháskóla Íslands, nú Háskóla Íslands, þar sem að mér fannst það sæta furðu að góður nemandi fengi ekki inngöngu í skóla að eigin vali vegna þess að framhaldsskóli treysti sér ekki til þess að taka við honum vegna líkamlegrar fötlunar.

## **Val á viðfangsefni**

Fáar rannsóknir hér á landi hafa beinst að veruleika blindra og sjónskertra ungmenna, Helga Einarsdóttir gerði nýlega rannsókn þar sem fjallað var um þætti daglegs lífs, skóla, sjálfsskilning og félagatengsl. Í henni kom í ljós að bilið milli skólastiga, þ.e. að fara úr grunnskóla yfir í framhaldsskóla er mjög mikið fyrir blinda og sjónskerta nemendur og að það þurfi að vinna faglega í því að aðstoða þessa nemendur. Einnig kom í ljós að sjónskertir nemendur reyna oft að fela fötlun sína fyrir öðrum og samræmist það erlendum rannsóknum sbr. Omvig (1983)

## **Uppbygging ritgerðar**

Ritgerðin inniheldur fimm kafla. Sá fyrsti er inngangurinn, annar kafli inniheldur fræðilegan hluta en þar er fjallað um ólíkan skilning á fötlun ásamt því að fjalla um þróun menntunar á Íslandi og jafnrétti til náms. Í honum er einnig fjallað um félagslega stöðu blindra og sjónskertra ungmenna og gengi þeirra í skóla. Í þriðja kafla verður greint frá framkvæmd rannsóknarinnar og umfjöllun um niðurstöður rannsóknarinnar eru í fjórða kafla en þar fjalla ég um Nínu, leit hennar að skóla og hvaða þættir skipta máli varðandi val hennar á skóla. Í niðurlagskaflanum sem jafnframt er fimmti og síðasti kafli ritgerðarinnar dreg ég saman helstu niðurstöður og þá lærdóma sem draga má af rannsókninni

## 2. Fræðilegur bakgrunnur

Í þessum kafla mun verða gerð grein fyrir fræðilegum og sögulegum bakgrunni verkefnisins. Kaflinn sem er tvískiptur hefst á umfjöllun um fötlunarfræði og ólíkan skilning á fötlun. Í síðari hluta kaflans verður fjallað um sögu menntunar blindra og sjónskertra barna og ungmenna á Íslandi, aðgengi að námi og félagslega stöðu blindra og sjónskertra ungmenna.

### Fötlunarfræði

Fötlunarfræði er ný fræðigrein sem hefur þróast í nánu sambandi við baráttuhreyfingar fatlaðs fólks. Fötlunarfræði felur í sér nýja sýn á fötlun sem ögrar þeirri nálgun sem byggir á læknisfræðilegum hugmyndum um að fötlun sé galli sem beri að meðhöndla, lækna eða laga (Rannveig Traustadóttir, 2003). Fötlunarfræðin gagnrýnir hið hefðbundna læknisfræðilega sjónarhorn á fötlun og hafnar ríkjandi hugmyndum um það hvað sé eðlilegt og að þeir sem ekki falli undir þær hugmyndir séu óeðlilegir. Algengt sjónarhorn á fötlun felur í sér að sá sem er fatlaður sé ekki fær um að taka þátt í hefðbundnum athöfnum samfélagsins vegna andlegra, líkamlegra eða félagslegra takmarka. Fötlunarfræðin vísar þessu á bug og leggur áherslu á að skýringa sé fyrst og fremst að leita í samfélagslegum og umhverfislegum hindrunum sem takmarka getu fatlaðs fólks til að lifa venjulegu lífi og taka þátt í samfélaginu (Rannveig Traustadóttir 2006). Þannig yrði fötlun manns í hjólastól til að mynda mun minni ef aðgengi að byggingum byggði ekki á því að allir gætu gengið.

Ekki er samstaða um hvernig beri að skilgreina fötlun, tekist hefur verið á um merkingu hugtaksins og hefur hið líffræðilega þ.e. skerðingin sjálf og hið félagslega verið aðgreint (Rannveig Traustadóttir, 2006). Hér að neðan verður fjallað um þrjú líkön sem hvert um sig skilur fötlun á ólíkan hátt en það eru læknisfræðilega líkanið, Norræna tengslasjónarhornið og breska félagslega líkanið um fötlun.

### ***Læknisfræðilega líkanið um fötlun***

Ríkjandi hugmyndir um fötlun byggja á læknisfræðilegu sjónarhorni. Fötlun er skilin sem frávik frá því eðlilega og þar af leiðandi galli. Viðbrögðin eru að greina hvað er að hjá viðkomandi einstaklingi og reyna að bæta úr því með meðferð, kennslu eða lækningu. Litið er á fötlunin sem harmleik einstaklingsins sem á erfitt með að lifa eðlilegu lífi því hann er óeðlilegur miðað við þá sem eru eðlilegir (Rannveig Traustadóttir, 2006). Skilningur á fötlun sem byggir fyrst og fremst á læknisfræði hefur verið gagnrýndur vegna þess að skerðing viðkomandi, hvort sem það er lömun, sjónskerðing eða annað, er álitin orsök allra vandamála fatlaðs fólks. Þessi skilningur felur í sér að öll áhersla er lögð á að þjálfa eða laga galla einstaklingsins í stað þess að beina sjónum að umhverfinu og því sem er hægt að laga þar svo að skerðingin hafi ekki eins mikil áhrif (Rannveig Traustadóttir, 2007).

### ***Norræna tengslasjónarhornið á fötlun***

Á Norðurlöndum er fötlun skilin sem samspil einstaklings og umhverfis og að samfélagið lagi sig að fötluðu fólki ekki síður en það að samfélaginu. Áhersla er á félagslegan þátt fötlunar og áhrif umhverfisins og hvernig hægt sé að fjarlægja hindranir í samfélaginu (Rannveig Traustadóttir, 2006). Norski fræðimaðurinn Jan Tøssebro, (2004) segir skilning Norræna tengslasjónarhornsins á fötlun byggja á þremur meginþáttum (sjá í Rannveig Traustadóttir, 2006).

1. Að misræmi milli einstaklings og umhverfis orsaki fötlun þar sem að ekki er gert ráð fyrir ólíkum einstaklingum í samfélaginu. Vegna þess að fötlun er háð umhverfinu er hún mismunandi á milli einstaklinga.
2. Við sumar aðstæður eru blindir og sjónskertir einstaklingar ekki fatlaðir þar sem að fötlun er aðstæðubundin. Þegar blindur maður t.d. talar í síma er hann ekki fatlaður þar sem að sú færni krefst ekki sjónar.

3. Mismunandi skilgreiningar eru til staðar þegar einstaklingar eru skilgreindir fatlaðir og notast ekki öll lönd við sömu forsendur. Því er fötlun afstæð.

(Rannveig Traustadóttir, 2006)

Tøssebro (2002) bendir á að erfitt reynist að fá þjónustu eða bætur nema læknisfræðileg greining sé til staðar. Jafnvel þó að á Norðulöndunum eigi að notast við tengslasjónarhornið og er því læknisfræðilega líkanið enn ráðandi (Rannveig Traustadóttir 2006).

### ***Breska félagslega líkanið um fötlun***

Meðal félagslegra sjónarhorna á fötlun er breska félagslega líkanið þekktast og róttækast. Það gerir skýran greinarmun á fötlun og skerðingu og lítur svo á að fötlunin stafi alltaf af félagslegum hindrunum en skerðing af líffræðilegum orsökum t.d. vegna einhverskonar frábrigða af andlegum eða líkamlegum toga. Breska félagslega líkanið hafnar því að skerðing orsaki fötlun og segir að það séu félagslegar hindranir settar upp af samfélaginu sem geri einstaklingum með skerðingar erfitt fyrir og takmarki aðgengi þeirra og möguleika. Það veldur því að einstaklingurinn verður fatlaður (Rannveig Traustadóttir, 2006).

Samkvæmt Breska líkaninu vísar hugtakið fötlun í misrétti þar sem að sá sem er fatlaður hefur ekki tækifæri til að takast á við daglegar athafnir vegna félagslegra hindrana og því megi líkja hugtakinu fötlun við kynþáttamisrétti (Rannveig Traustadóttir, 2006).

Breska félagslega líkanið, sem er í stöðugri þróun, hefur ekki farið varhluta af gagnrýni. Meðal þess sem það hefur verið gagnrýnt fyrir er að gera lítið úr áhrifum skerðingarinnar á líf fólks og að sniðganga hópa einstaklinga með ákveðnar skerðingar eins og þá sem eru heyrnarskertir eða með þroskahömlun (Rannveig Traustadóttir, 2006).

## **Þróun menntunar blindra og sjónskertra á Íslandi**

Árið 1907 var sett á skólaskylda á Íslandi og frá þeim tíma var öllum 10-14 ára gömlum börnum skylt að sækja skóla, hvort heldur sem var staðbundið eða í farkennslu. Blind börn voru hins vegar talin þurfalingar og þótti ekki ástæða til að mennta þau. Árið 1924 var ungur bursta- og körfugerðarmaður í Kaupmannahöfn að jafna sig eftir berkla. Hét hann Þórsteinn Bjarnason og hitti hann fyrir ungan blindan pilt sem var að læra körfugerð og fór hann að íhuga hvernig málum blindra væri háttað á Íslandi. Árið 1928 hóf Þórsteinn að kenna körfugerð á Íslandi m.a. blindum einstaklingum og upp frá því stuðlaði hann að stofnun Blindravinafélags Íslands árið 1932. Meðal þess sem félagið átti að vinna að var að reyna að koma í veg fyrir blindu og að aðstoða þá sem voru blindir. Eitt af meginverkefnum félagsins var að stofna skóla fyrir blind börn og árið 1933 varð það að veruleika (Þórhallur Guttormsson, 1991).

Öll blind börn samkvæmt manntali, sem voru á þeim tíma 5, stunduðu nám sitt í Blindraskólanum eftir stofnun hans en ekkert er fjallað um mjög sjónskert börn. Fyrsti kennarinn við skólann var Ragnheiður Kjartansdóttir, hún fór á vegum Blindravinafélagsins til Kaupmannahafnar að læra blindrakennslu og kenndi í þrjú ár eða til ársins 1936 þegar hún fluttist aftur til Kaupmannahafnar. Ekki var menntaður blindrakennari við skólann á ný fyrr en árið 1955 þegar Einar Halldórsson tók við kennslu. Í millitíðinni hafði skólinn verið í samvinnu við Blindrariðn sem var vinnustofa Blindravinafélagsins enda var aðsetur skólans í sama húsi og vinnustofan. En árið 1958 fluttist skólinn á Bjarkargötu 8, í hús sem Blindravinafélagið hafði keypt. Einar lést árið 1968 og tveimur árum síðar tók Margrét Sigurðardóttir við kennslu. Hún hafði fengið styrk frá Blindravinafélaginu til að læra blindrakennslu í Dannmörku og árið 1970 hóf hún störf. Margrét barðist fyrir því ásamt forystumönnum Blindravinafélagsins að fá flutning þar sem aðbúnaður þótti ekki boðlegur á Bjarkargötunni og árið 1971 fluttist skólinn inn í Laugarnesskóla. Nú voru nemendur Blindraskólans í skóla með sjáandi jafnöldrum sínum og þar hófst sú regla að blindir nemendur skyldu vera í kennslu með sjáandi og ekki lengur einangraðir frá öðrum börnum. Við það að Margrét tæki við skólanum urðu þær breytingar að sjónskertir einstaklingar fengu inngöngu og síðar voru ráðnir tveir aðrir

blindrakennarar og voru þá starfandi þrír kennarar á sama tíma. En það var mikið kappsmál Blindrafélagsins að fleiri en einn kennari væri starfandi.

Árið 1939 var Blindrafélagið stofnað af blindum og sjónskertum einstaklingum og var aðalstefnumál félagsins að ríkið tæki yfir kennslu blindra og sjónskertra barna og ungmenna. Hafði félagið erindi sem erfiði árið 1977 þegar ríkið ásamt Reykjavíkurborg tók yfir reksturinn. Var þá stofnuð sérdeild innan Laugarnesskóla ( Þórhallur Guttormsson, 1991).

Aðbúnaður í Laugarnesskóla þótti ekki fullnægjandi og þess vegna var ekki hægt að kenna alla þætti námsskrár. Því fluttist deildin í Álftamýrarskóla árið 1983 og þeir nemendur sem ekki áttu heima á höfuðborgarsvæðinu höfðu aðsetur á einkaheimilum ókunnugra án þess að foreldrar þeirra hlytu kostnað af. Nú var í fyrsta skiptið hægt að kenna allar greinar grunnskólans auk þess sem þættir daglegs lífs voru kenndir. Nemendur í blindradeildinni stunduðu nám í almennum bekkjum eftir því sem kostur var og þá fylgdu blindrakennarar þeim í bekki ef þörf var. Einhverjir nemendur sem voru sjónskertir stunduðu ekki nám sitt í Blindradeildinni en nutu samt aðstoðar blindrakennara þar sem hann fór út í skólann og leiðbeindi bæði nemandanum sem og kennurum (Þórhallur Guttormsson, 1991). Eftir því sem meiri áhersla var lögð á að nemendur nemi við sinn heimaskóla fækkaði nemendum í Blindradeildinni og árið 2004 var hún lögð niður (Bætt þjónusta við blindra, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, 2007). Aðeins einn kennsluráðgjafi starfaði við ráðgjöf nemenda á öllu landinu árið 2005 en hann hafði fimm klukkustundir á viku til að sinna ríflega hundrað nemendum (Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, 2006). Mikil ólga hefur því verið um stöðu blindra og sjónskertra barna á skólaaldri og hafa foreldrar flúið land til að veita börnum sínum betri lífsskjör þar sem að stuðningur hefur ekki verið nægilegur (Arnþór Helgason, 2006). Var því farið fram á að þjónusta við þennan hóp yrði stórbætt og árið 2007 voru settar fram tillögur um hvernig það yrði gert. Fjórir einstaklingar voru sendir utan í nám í blindrakennslu og í lok árs 2008 var Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blindra, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, hér eftir kölluð Þjónustumiðstöð, stofnuð (Bætt þjónusta við blindra, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, 2007). Þjónustumiðstöðin sér nú um þjónustu við blindra og sjónskerta nemendur á öllum skólastigum og fyrir

framhaldsskólanemendur er boðin aðstoð við ýmis atriði sem tengjast námi s.s. glósutækni, að styrkja félagslega færni og við frekara val á námi. Náíð samband er á milli miðstöðvarinnar og námsráðgjafa (Þjónustu- og þekkingarmiðstöð, 2009).

## **Jafnrétti til náms**

Árið 1998 var samþykkt reglugerð nr. 372/1998 um kennslu fatlaðra nemenda í framhaldsskólum. Þar kom fram í 1. grein að fatlaðir nemendur eiga rétt á kennslu og stuðningi sé þess þörf. Með stuðningi er átt við að sérhæfðir starfsmenn eða aðstoðarfólk aðstoði nemandann og/eða hann njóti tækjakosts sem viðkomandi getur nýtt sér. 2. grein byggir á að námsáætlun skuli taka tillit til þarfa nemenda og þroska og að hana skuli endurskoða reglulega.

Í 4. grein segir:

*... Í starfsáætlun skólans skal sérstaklega gera grein fyrir námsframboði fyrir fatlaða nemendur, ráðningu sérhæfðs starfsliðs, sérfræðilegri aðstoð, sérstökum búnaði og námsefni og breytingu á húsnæði ef fötlun nemenda krefst þess. Skólameistari skal sækja um sérgreinda fjárveitingu vegna kostnaðar sem af þessu hlýst.*

(Reglugerð um kennslu fatlaðra nemenda í framhaldsskólum, 1998)

Í 19. grein laga um framhaldsskóla kemur í ljós að það skuli veita fötluðum nemendum kennslu og sérstakan stuðning í námi og að fatlaðir nemendur skuli stunda nám við hlið annarra nemenda sé þess nokkur kostur (Lög um framhaldsskóla, 1996).

Samkvæmt námsskrá Framhaldsskólanna, sem gerð var árið 1999 og endurskoðuð árið 2004, á hver maður rétt til framhaldsmenntunar hafi þeir lokið skyldunámi eða undirstöðumenntun til jafns á við skyldunám. Framhaldsskólar landsins bjóða upp á margs konar námsleiðir svo að flestir hafi tækifæri á að stunda nám við hæfi. Meðal þess sem kemur fram í Aðalnámsskrá framhaldsskólanna um undanþágur og frávik er að:

*Fatlaðir nemendur, langveikir og nemendur með sértæka lesröskun (lestrar- og skriftarörðugleika) og/eða aðra staðfesta skynjunarörðugleika geta sótt um undanþágu til skólameistara frá einstökum námsáföngum enda sé fullreynt að mati skóla að viðkomandi nemandi geti ekki náð tókum á námsefninu vegna skilgreindra annmarka sem sérfræðingur á viðkomandi sviði hefur staðfest. Nemendur skulu þó taka aðra áfanga í stað þeirra sem þeir fá undanþágu frá.*

(Aðalnámskrá framhaldsskólanna, 2004)

Íslendingar undirrituðu árið 1992 samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna, Barnasáttmálann, og í 2. grein hans kemur fram að

*Aðildarríki skulu virða og tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningi þessum, án mismununar af nokkru tagi, án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, uppruna með tilliti til þjóðernis, þjóðháttar eða félagslegrar stöðu, eigna, fötlunar, ætternis eða annarra aðstæðna þess eða foreldris þess eða lögráðamanns*

Einnig kemur fram í 23. grein að

*Aðildarríki viðurkenna að andlega eða líkamlega fatlað barn skuli njóta fulls og sómasamlegs lífs, við aðstæður sem tryggja virðingu þess og stuðla að sjálfsbjörg þess og virkri þátttöku í samfélaginu.*

Í 3. hluta 23. greinar kemur fram að fatlaðir skuli hljóta menntun og fá þá aðstoð sem nauðsynleg er. 28. grein segir til um að öll börn eigi að hljóta ókeypis grunnmenntun og að stuðla eigi að þróun framhaldsmenntunar (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 1992).

Allir eiga rétt á því að sækja sér menntun og er hún mjög mikilvæg fötluðum einstaklingum þar sem að með meiri menntun og fræðslu er mögulega hægt að koma í veg fyrir fordóma. En fatlaðir hafa fundið fyrir fordómum frá samfélaginu. Megin tilgangur menntunar í dag er að gera einstaklinga hæfari til að taka þátt í samfélaginu sem og að geta fengið aðgang að fjölbreyttari störfum og sótt rétt sinn til vinnuveitenda (Brynhildur G. Flóvenz, 2004).

Salamanca yfirlýsingin var samþykkt árið 1994 af 92 ríkisstjórnnum þar á meðal Íslands og fjallar hún um málefni nemenda með sérþarfir. Í henni kemur fram að tryggja skuli að nemendur með sérþarfir hljóti sömu tækifæri og aðrir nemendur innan skólakerfisins. Auk þess segir að:

*almennir skólar séu virkasta aflið til að sigrast á hugarfari mismununar, móta umhverfi sem tekur fötluðum opnum örmum, móta þjóðfélag án aðgreiningar og koma á menntun öllum til handa; enn fremur megni þeir að veita þorra barna góða menntun og stuðli að skilvirkni menntakerfisins í heild og bæti, þegar til lengdar lætur, nýtingu fjármuna.*

(Salamanca yfirlýsingin, 1994)

Af ofangeindu er ljóst að íslensk lög og alþjóðlegir sáttmálar sem Ísland er aðili að kveða skýrt á um rétt fatlaðra einstaklinga til náms í almennum skólum og sérstakan stuðning til náms þurfi þeir þess.

## **Félagsleg staða blindra og sjónskertra ungmenna**

Fræðimaðurinn Robert Scott (1969) færði rök fyrir því að blindi væri félagslega lært hlutverk vegna þess að umhverfið kemur fram við blindi einstaklinga eins og þeir þurfi að vera öðrum háðir og ósjálfbjarga. Scott segir misjafnt hvernig blindir og sjónskertir einstaklingar bregðist við þegar þeim er þrýst í blindrahlutverkið. Einhverjir taka upp hlutverkin og haga sér eins og til er ætlast á meðan aðrir mótmæla, því þeir líta ekki á sig sem blindi heldur einstaklinga sem ekki sjá.

Samfélagið lítur engu að síður á þá sem blinda einstaklinga og geta þeir mætt miklu skilningsleysi fólks sem er að vorkenna þeim án þess að þess þurfi (Scott, 1969).

Á skólaaldri skiptir það flesta miklu máli að vera ekki öðruvísi en hinir, nema að sjálfsgöðu að það sé ætlunin. Það er því mikilvægt fyrir ungmenni að passa inn í hópinn með því t.d. að vera í réttu fötunum og stunda íþróttir (Wolffe, 2006). Fyrir blinda eða sjónskerta nemendur getur þetta reynst þrautin þyngri vegna þess að þeir sjá ekki hvað er í tísku eða hvort fötin þeirra séu hrein eða óhrein. Það er grundvallaratriði í allri endurhæfingu og blindrakennslu að nemendur læri að falla inn í hópinn og mikilvægt er að sleppa blinda nemandanum ekki við að vera í hópi með sjáandi jafnöldrum, að koma of seint í skólann eða læra að lesa (Omvig, 2002).

Blindir einstaklingar geta ekki leynt fötlun sinni og þar af leiðandi eru þeir stimplaðir fatlaðir og geta vakið meiri athygli m.a. með hvíta stafnum. Sjónskertir einstaklingar aftur á móti glíma við spurninguna hvort þeir eigi að þykjast vera fullsjáandi og falla þar af leiðandi inn í hópinn eða að nota hvíta stafinn. Ákveði þeir að þykjast fullsjáandi geta þeir átt á hættu á að lenda í aðstæðum sem þeir sem nota hvíta stafinn lenda ekki í. Þetta getur leitt til þess að sjónskertir einstaklingar eiga erfiðara með að byggja upp sjálfsmyndina en þeir sem eru blindir.

Í samskiptum fólks er augnsamband mjög mikilvægt en það er nokkuð sem blindir og mjög sjónskertir einstaklingar eiga oft í miklum vandræðum með. Horfi maður ekki á þann sem er að tala getur það virst sem áhugaleysi á því sem verið er að ræða. Þá þykir blindu fólki oft betra að snúa öðru eyranu að viðmælandanum sem getur reynst óþægilegt fyrir þann sem verið er að tala við. Eins eru dæmi um að blindir einstaklingar hafi aldrei séð á sér andlitið og vita því ekki hvernig svipbrigði eru notuð. Fyrir þá sem ekki vita betur gæti það virkað sem þeir væru utan við sig eða skrítnir af því að það er sérkennilegt á svipinn, gæti t.d. brosað með því að geifla sig og þá vita aðrir kannski ekki hvort um er að ræða bros eða grettu (Scott 1969). Það er mikilvægt að kenna blindum og sjónskertum börnum þessa færni til þess að þau einangrist síður félagslega (Sacks, 2006). Þar sem samskipti lærast í félagi við aðra er sérlega mikilvægt að blindir og sjónskertir nemendur séu í almennum bekkjum og var

Það mikið gleðiefni þegar nemendur í Blindraskólanum voru fluttir í Laugarnesskóla þar sem þeir nutu samvista við sjáandi jafnaldra sína (Þórhallur Guttormsson, 1991).

Sjálfskraust er mikilvægur þáttur í lífi hvers einstaklings þar sem það er nauðsynlegt til að þróa félagslega hæfni (Wolffe, 2006). Það að hafa gott sjálfskraust hjálpar nemendum við að kynnst öðrum og taka þátt í athöfnum hversdagsins. Í rannsóknum sem Rosenblum gerði á árunum 1997 og 1998 kom í ljós að ungt sjónskert fólk lítur á það sem eina mestu áskorun að kynnst öðru fólki og bindast vinaböndum (sjá í Wolffe, 2006). Það sem eykur líkur á auknu sjálfskrausti er að einstaklingar fái jákvæð viðbrögð við því þegar þeir gera eitthvað sem er gott. Ekki má ofvernda einstaklinginn þar sem þá er hættu á að hann verði félagslega óþroskaður. Algennt er í vestrænum ríkjum að líta á fatlaða einstaklinga sem eilíf börn og fá þeir því skilaboð um að þeir séu ekki nógu góðir og að ekki sé ætlast til neins af þeim. Þetta getur brotið einstaklinga niður og verður þeim þá enn erfiðara að byggja upp sjálfskraust (Wolffe, 2006). Sjónskertir einstaklingar hafa yfirleitt minna tengslanet í kringum sig og eiga þar af leiðandi færri vini þó oft séu þeir mjög góðir (Wolffe, 2006). Blindar og sjónskertar konur virðast hafa minna sjálfskraust en sjáandi jafnöldur þeirra auk þess sem þær eiga færri vini. Það er sameiginlegt með bæði körlum og konur að það að eiga vini eykur líkur á því að sjálfskraustið aukist (Wolffe, 2006).

Í sumum tilfellum er blindum einstaklingum kennt að vera ósjálfstæðir með því að taka eingöngu þátt í athöfnum og skemmtunum sem eru skipulögð fyrir þann hóp en ekki almenningsskemmtunum. Mörg dæmi eru um að nemendur sem hafa stuðningsfulltrúa séu ofverndaðir af þeim og læra að treysta á aðra með því að þurfa ekki að hafa fyrir því að gera hlutina sjálfir. Þetta kemur í veg fyrir að viðkomandi nemendur nái tókum á því sem þarf til að geta lifað og unnið án aðstoðar (Vaughan og Omvig, 2005).

## **Gengi í skóla**

Algennt er að blindir nemendur fái betri einkunnir en þeir sjónskertu og eru blindir nemendur að fá svipaðar einkunnir og sjáandi skólafélagar þeirra miðað við rannsókn sem gerð var í Bandaríkjunum um og eftir 1995 og kallaðist Social Network Pilot Project (SNPP). Í henni kom í ljós að blindir og sjáandi nemendur fengu A og B á meðan flestir sjónskertir nemendur fengu B og C. Ástæðan var rakin til þess að blindir nemendur hlutu meiri aðstoð við heimanám eða frá sex aðilum sem voru foreldrar, systkini, vinur, einkakennara, einstakling sem fékk borgað fyrir lestur sem og sjálfboðaliða. Hinir sjónskertu fengu aðstoð frá fjórum aðilum. Foreldrum, systkinum, vini og einkakennara Þess ber þó að geta að þátttakendur voru aðeins 48 og því ekki hægt að fullyrða um niðurstöður (Wolffe, 2006). Þesum niðurstöðum ber ekki saman við niðurstöður rannsóknar Helgu Einarisdóttur (2008) en þar kom fram að minna vinnuálag var á blindum nemendum heldur en sjónskertum þar sem þeir fengu undanþágur frá verkefnum eða námsgreinum til að halda í við skólafélagana. Sjónskertir nemendur þurftu þar af leiðandi meiri tíma í heimanám en samnemendur þeirra. Þeir nemendur sem héldu í við skólafélagana lærðu öllum stundum en kusu þeir að leggja meiri rækt við félagslífið kæmi það niður á náminu (Helga Einarisdóttir, 2008).

Í þessum kafla hef ég fjallað um mismunandi skilning á fötlun, skólasögu blindra og sjónskertra, jafnrétti til náms, félagslega stöðu blindra og sjónskertra og gengi þeirra í skóla. Í þeim næsta verður greint frá niðurstöðum rannsóknarinnar.

## **Rannsóknarspurningar**

Þær rannsóknarspurningar sem leitast verður við að svara eru:

Hvað liggur til grundvallar þegar sjónskertur nemandi velur sér framhaldsskóla?

Hvaða hindranir liggja í veginum fyrir sjónskertan nemanda?

Að hvaða leyti er jafnrétti til náms á Íslandi miðað við reynslu þessa nemanda?

### 3. Framkvæmd rannsóknar

Í þessum kafla verður fjallað um þær rannsóknaraðferðir sem notaðar voru, framkvæmd rannsóknar ásamt því sem þátttakendur verða kynntir. Að lokum verður gert grein fyrir þeim siðferðislegu álitamálum sem geta komið upp við rannsóknir sem þessar.

#### Rannsóknaraðferð

Þær aðferðir sem notaðar eru við rannsóknir eru ýmist meginlegar eða eigindlegar. Meginlegar rannsóknir fela í sér stórt úrtak, afleiðslu, stjórn og tilraunir. Rannsóknin fer þannig fram að sömu spurningarnar eru lagðar fyrir stórt úrtak og könnuð eru tiltekin viðhorf. Reynt er að hafa úrtak sem endurspeglar þýðið svo niðurstöður rannsóknanna verði sem áreiðanlegastar (McMillan, 2004).

Eigindlegar rannsóknir fara hins vegar fram í eðlilegu umhverfi fólks, þar sem þátttakendur eru beðnir um að leggja sinn skilning og merkingu í það sem verið er að rannsaka (McMillan, 2004). Sú rannsókn sem hér um ræðir byggir á eigindlegri aðferðafræði. Um tilviksathugun er að ræða en með því er átt við djúpa heildstæða athugun sem er hönnuð til að fá nákvæmar lýsingar þátttakanda á efninu. Tilviksathuganir einblína gjarnan á fá atriði sem eru mikilvæg rannsókninni (Tellis, 1997). Gagna var aflað með opnum viðtölum við tvo einstaklinga, móður og dóttur. Viðtölin sem líkjast meira samræðum en hefðbundnum viðtölum fela í sér að þátttakendur eru spurðir út í það sem skiptir þá sjálfa mestu máli innan ramma rannsóknarverkefnisins (McMillan, 2004).

Að mínu mati hentaði þessi rannsóknaraðferð mínu viðfangsefni sérlega vel vegna þess að um persónulega reynslu þátttakanda var að ræða. Einnig reyndist gott að hafa sveigjanleika svo hægt var að leiða viðtölin á aðrar brautir en upphaflega var lagt upp með.

## **Þátttakendur**

Þátttakendur í rannsókninni voru tveir, Nína Ólafsdóttir og móðir hennar Jónína Tryggvadóttir. Nína er röggösm, ákveðin, ófeimin 15 ára gömul stúlka sem býr í litlu þorpi á landsbyggðinni. Nína hefur alltaf séð illa en árið 2006 rifnuðu sjónhimmurnar á báðum augum sem olli því að í dag, eftir fjölmargar aðgerðir, hefur Nína 10 – 15 % sjón á öðru auganu og getur notast við hana þegar birtuskilyrði eru hagstæð en er blind á hinu. Nína er mjög félagslynd, leikur iðulega aðalhlutverkið í skólasýningum á vorin, ásamt því að taka þátt í flestöllu félagslífi sem litla þorpið hefur upp á að bjóða hvort sem það er á vegum skólans eða fyrir alla þorpsbúa. Auk þess er hún dugleg að mæta á viðburði, s.s. spurningakeppnir, söng- og leikskemmtanir í nágrennasveitarfélaginu og stefnir á að keppa á Unglingalandsmóti næsta sumar. Hún getur þó ekki stundað sína uppáhaldsþróttagrein sem er knattspyrna, vegna læknisráðs en er góður sundmaður. Nína ætlar sér að ljúka 10. bekk í vor, ári á undan jafnöldrum sínum. Aðalástæða þess er sú að hún er eina barnið í sínum árgangi og sá fram á að verða einmana næsta vetur vegna fámennis.

## **Tengsl við þátttakendur**

Tengsl mín við Nínu og Jónínu móður hennar felast í því að við búum við sömu götu og í gegnum árin hef ég leiðbeint Nínu í grunnskólanum ásamt því að vinna með henni í að læra blindraletur (Braille). Það að ætla að taka viðtöl við einstakling sem ég þekki mjög vel og spyrja þar af leiðandi spurninga sem ég vissi fyrirfram svarið við var mjög krefjandi. Það leiddi til þess að ég spurði ekki alltaf nógu ítarlegra spurninga. Það að við þekkjumst eins vel og raun ber vitni er þó að mörgu leyti kostur þar sem ákveðið traust var til staðar. En traust er ein megin forsenda þess að hægt sé að gera eigindlega rannsókn (Bogdan og Biklen, 2003).

## **Gagnasöfnun**

Rannsóknargagna var aflað með fimm opnum viðtölum á tímabilinu ágúst 2008 til mars 2009. Fjögur viðtöl voru tekin við Nínu og fóru þau fram á heimili mínu. Hvert

viðtal tók frá 15 mínútum upp í hálf tíma. Áður hafði ég útbúið nokkrar spurningar sem áttu að leiða viðtölin áfram. Þá var eitt viðtal tekið við Jónínu móður Nínu og fór það fram á heimili hennar. Til að reyna að tryggja trúnað við þátttakendur var nöfnum þeirra breytt við afritun.

Viðtölin voru hljóðrituð og síðan afrituð orðrétt og aðalatriðin dregin út. Samtals 87 bls. af rannsóknargögnum var aflað með þessum hætti. Auk formlegra viðtala hitti ég Nínu nánast daglega í tengslum við starf mitt. Þau kynni hafa orðið til að auka skilning minn á aðstæðum hennar og auka víðsýni mína gagnvart aðstæðum fatlaðs fólks. Þegar afritun var lokið var upptökunni eytt til að tryggja trúnað (Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2006). Greining fór þannig fram að ég marglas viðtölin og dró fram atriði sem að mínu mati voru mikilvæg og að því loknu var uppbygging ritgerðar ákveðin.

## **Siðferðileg álitamál**

Við gerð rannsókna er nauðsynlegt að hafa í huga siðferðilega ábyrgð rannsakandans. Upplýst samþykki er forsenda þess að rannsóknin geti farið fram enda er aðaláhersla lögð á það í siðareglum félagsvísindalegra rannsókna. Þar kemur fram fyrir utan upplýst samþykki, að þátttakendur séu hvorki blektir eða trúnaður þeirra sé vanvirtur (Punch, 1998 í Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2006). Í upphafi rannsóknarinnar spurði ég bæði Nínu og móður hennar hvort ég mætti ræða við Nínu þar sem hún var ekki orðin sjálfráða og var það auðsótt frá hálfu þeirra beggja. Ég hef reynt að halda þeim upplýstum varðandi efnið og er það einfalt þar sem að við búum í mikilli nálægð. Nafnleynd og trúnaður er lykilatriði eigindlegra rannsókna og er það til að viðkomandi þátttakandi hljóti ekki skaða af þátttöku sinni (Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2006). Vegna þess hve fámennur hópur blindra og sjónskertra ungmenna eru á Íslandi er erfitt að gæta þess að ekki muni vera hægt að rekja það hver þátttakandinn er, sérstaklega þar sem upplýsingarnar sem fram koma eru sértækar, gerði ég bæði Nínu og móður hennar þetta ljóst en það virtist ekki skipta sköpum. Þegar verkefnið var fullunnið lásu þær yfir og samþykktu það.

Í þessum kafla hef ég fjallað um framkvæmd rannsóknar. Þeir kaflar sem hér fara á eftir byggja á greiningu gagnanna.

## 4. Reynolds Nínu

Í þessum kafla mun ég fjalla um Nínu sjálfa, félagslega stöðu hennar, hvers konar aðstoð hún þarf og samskipti við aðra blinda og sjónskerta einstaklinga. Auk þess verður fjallað um hvaða stuðning hún hefur fengið til þessa, leitin að nýjum skóla, viðbrögð skólafyrvalda og þjónustumiðstöðina. Í lok kaflans verður fjallað um hvaða þættir ráða vali Nínu á framhaldsskóla.

### *Vinirnir*

Nína er mjög félagslynd og á marga góða vini. Þau eru mikið saman og fara til að mynda oft í félagsmiðstöð í nálægu kaптúni. Móðir Nínu telur að Nína hafi verið í forsvari fyrir því að unglíngarnir í þorpínu færu í félagsmiðstöðina þar sem hún hafi viljað fara og prófa eitthvað nýtt og kosið að vinir sínir kæmu með. Nína setti sig því í samband við unglínga í kaптúninu og spurði hvort þau mættu koma í heimsókn. En ekki er formleg félagsmiðstöð í þorpínu þar sem Nína býr vegna fámennis. Þetta hefur undið upp á sig og í dag þykir öllum vinunum mjög gaman að fara þangað. Í félagsmiðstöðinni er Nína að kynnast nýjum unglíngum og upplífir hún það að þó svo hún þekki ekki alla virðast flestir þekkjа hennar aðstæður. Hefur hún fengið spurningar um sjónskerðinguna og þegar hún var spurð um hvað henni þætti um þær sagðist hún vera ánægð með að geta svarað þeim.

Nína segist hjálpa vinum sínum í skólanum og þá helst í stærðfræði sem er ein af hennar sterkustu greinum og á móti aðstoði þeir hana við það sem hún á í vandræðum með vegna sjónskerðingarinnar. Nína segir að þeir hjálpi sér mjög mikið, og finni jafnvel út af sjálfsdáðum hvenær hún þurfi aðstoð. Þegar hún er spurð um vini sína segir hún:

...ég veit að þeir hjálpa mér rosalega mikið og þeir skilja það mjög vel. Ég veit alveg að þeir myndu ekki vilja vera í mínum sporum eða ég veit að engin myndi vilja vera það og ætli ég

eigi ekki bara bestu vini í heimi

Vinir Nínu fóru með henni að skoða tvo skóla á landsbyggðinni og voru þeir feimnir í nýjum aðstæðum. Jónína talaði um að Nína hefði tekið af skarið og þegar farið var í kennslustofur þar sem kenndar voru greinar sem Nína vissi að einhver vina hennar hafði áhuga á ýtti hún viðkomandi af stað að skoða stofuna þó svo að vinurinn hafi ekki verið nógu framfærinn til að biðja um það sjálfur.

Vegna þess hversu félagslynd Nína er þá hefur hún ákveðið að ljúka grunnskólanámi í vor ári á undan þar sem vinir hennar eru ári eldri og ekki verða neinir unglingar í þorpínu næsta vetur. Eldri systir hennar gerði þetta líka á sínum tíma og þegar Jónína er spurð hvort sömu hugleiðingar fari í gegnum huga hennar nú og þá segir hún að hún hafi haft áhyggjur af félagslegri einangrun eldri dótturinnar en hafi þær ekki af Nínu. Hún reiknar með því að Nína verði ekki lengi að kynnast nýju fólki og eignast nýja vini á nýjum stað.

### *Aðstoð*

Nína hefur búið alla sína ævi í litla þorpínu og ratar um það allt án nokkurra vandkvæða séu aðstæður góðar. Á veturnar þegar snjóar mikið líkt og gerðist síðasta vetur á hún erfitt með að komast um þegar skaflarnir liggja á hennar venjulegu leiðum. Hún á hvíta stafinn en er ekki hrifin af honum en notar hann þó í þorpínu við þær aðstæður sem talað er um að ofan:

þegar ég er úti og það er snjór, allt er hvítt og svoleiðis  
og þá veit ég hvar ég á að fara niður ef það eru brúnir og svoleiðis.

Henni þykir stafurinn gera hana meira áberandi og finnst að það sé horft meira á eftir henni sé hún með hann. Þegar hún er spurð hvort hún sé að reyna að fela sjónskerðinguna segir hún svo sé ekki heldur að hún þurfi ekki að nota hann. Auk þess finnst henni óþægilegt að hafa hann í miklu fjölmenni líkt og á SAMFÉS, sem er

samkoma á vegum félagsmiðstöðvanna, þar sem að henni finnst allir labba á stafinn og þar af leiðandi er hann að hennar mati ekki að gera nægilegt gagn. Jónína telur mikilvægt að hún venji sig við að nota stafinn þá yrði hún sjálfstæðari auk þess sem að hún myndi ekki eiga eins mikið á hættu að detta en hún hefur margoft misstigið sig og hruflað. Jónína hefur þó ákveðið að hætta að þrýsta á Nínu að nota stafinn og segir að hún þurfi bara að átta sig á þessu sjálf.

Nína treystir töluvert á sjáandi vini sína og fjölskyldu til að komast á milli staða og þar sem Nína býr í litla þorpinu sínu eru allir þorpsbúar tilbúnir að aðstoða hana við hvað sem er þegar hana vantar aðstoð. Í bæjarvinnunni síðastliðið sumar var hún ýmist að mála eða raka og þótti henni auðveldara að mála heldur en hitt þar sem hún gat áttað sig á því hvað hún var búin að gera. Þegar hún var að raka aftur á móti þá sá hún ekki hvar heyið lá og naut þá aðstoðar vina, verkstjóra eða einstaklinga sem áttu leið hjá við að finna út hvernig best væri að haga þeirri vinnu. Nína er ekki feimin við að þiggja aðstoð og það sem meira er hún er ekki feimin við að segja nei þurfi hún hana ekki.

### ***Samskipti við aðra blinda og sjónskerta einstaklinga***

Nánustu vinir Nínu eru allir sjáandi enda engin annar blindur eða sjónskertur einstaklingur í þorpinu, en eftir að Nína varð skjólstaðingur Sjónstöðvar Íslands, nú Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, komst hún í kynni við Ungblind, sem er félagsskapur ungra blindra og sjónskertra einstaklinga. Henni fannst mikilvægt að hafa kynnst öðrum blindum og sjónskertum einstaklingum en eftir að hafa hitt þá sagði hún:

Þá veit ég að það er einhver eins og ég. Þá er ég ekki ein.

Það veitir Nínu styrk að kynnast einhverjum sem er að takast á við það sama og hún og segist hún jafnframt vonast til að geta lært af þeim hvernig þau geri hlutina sem hún er að læra að gera. Hún segist hins vegar ekki þekkja þau eins vel og vini sína í

þorpinu þar sem að töluverð fjarlægð er milli þorpsins og Reykjavíkur, þar sem Ungblind hittist yfirleitt, og kemst hún þar af leiðandi ekki á allt það sem er í boði. Hún hefur þó farið með þeim á nokkra viðburði og haft gaman af.

### ***Stuðningur í grunnskóla***

Í skólanum notast Nína við tæki sem stækkar letrið og les þar af leiðandi svartletur og vinnur þar öll sín verkefni. Einnig fær hún hljóðbækur í þeim fögum sem það á við en þó hún hlusti á landafræðibókina á hljóðbók þá þykir henni betra að hafa bókina sjálfa við hendina til að geta flett upp í henni sé hún að leita að tilteknu svári. Tækið sem hún hefur til umráða í skólanum er þeim annmörkum háð að ekki er hægt að snúa því að neinu heldur er bókin lögð undir það. Næsta vetur mun hún að öllum líkindum fá í hendurnar fullkomnara tæki, Svanaháls. Það er nokkurs konar myndavél sem birtir myndir af því sem Nína beinir henni að í tölvu. Skólastjórinn í skólanum hennar Nínu hefur boðið upp á heimanámstíma í skólanum fyrir eldri nemendur og hefur Nína nýtt sér þá. Þar fær hún viðbótaraðstoð við heimanámið auk þess sem foreldrar hennar aðstoða hana heima fyrir. Sú aðstoð felst að mestu leyti í lestri þegar hljóðbækur eru ekki til staðar.

### **Leitin að skóla**

Nína er að velta fyrir sér hvaða skóla hún á að sækja um í. Unglingar sem standa frammi fyrir þessu velta mögulega fyrir sér hvert vinirnir ætli, hvar besta stærðfræðibrautin sé eða hvernig félagslífið er í skólanum. Nína stendur frammi fyrir öðrum spurningum þar sem að hún þarf að velta fyrir sér hlutum eins og hvar minnsta bergmálið sé og hvar birta og aðgengið sé best. Í samráði við þjónustumiðstöðina hefur Nína skoðað skóla, bæði heimavistarskóla á landsbyggðinni sem og nokkra skóla í höfuðborginni.

## **Viðbrögð skólayfirvalda**

Á meðan á rannsókninni stóð heimsótti Nína átta skóla, fjóra landsbyggðarskóla og fjóra skóla í höfuðborginni í fylgd kennsluráðgjafa frá Þjónustumiðstöðinni auk þess sem Jónína fór með í nokkra skóla. Yfirleitt tóku skólayfirvöld Nínu vel þar sem að þau sögðust myndu gera allt sem í þeirra valdi stæði til að auðvelda Nínu námið myndi hún ákveða að stunda nám við þeirra skóla. Í einum landsbyggðarskólanum kom í ljós að aðgengi skólans var ábótavant þar sem lýsingin í honum var mjög léleg. Kom þá í ljós að hann er á undanþágu varðandi lýsingu en myndi Nína ákveða að velja þann skóla yrði að bæta úr því og var fulltrúi skólans sem var með í för mjög ánægður með það. Einn skólinn á höfuðborgarsvæðinu bíður upp á mikinn stuðning og hitti Nína konur þar sem sögðu að myndi hún koma í skólann þeirra þá gæti hún komið hvenær sem er og fengið aðstoð m.a. við heimanám. Ekki voru skólayfirvöld allstaðar jafn jákvæð fyrir því að fá mjög sjónskertan nemanda við skólann sinn. Áður en hin formlega leit hófst hringdi Jónína í nokkra skóla á landsbyggðinni til að kanna aðgengi og hvað þyrfti til að Nína gæti stundað nám sitt þar. Einn þessara skóla gaf ekki kost á því að Nína sækti þann skóla. Ekki var gefin nánari skýring þar á. Þess utan kom í ljós að einn skóli á höfuðborgarsvæðinu tilkynnti að ekki væri um að ræða neinn viðbótar stuðning við nemendur. En samkvæmt Jónínu þá er það skráð í lög að viðkomandi sveitarfélag eigi að sjá til þess að blindir og sjónskertir nemendur hljóti viðunnandi aðstoð.

## **Þjónustumiðstöðin**

Frá því árið 2006 hefur Nína verið skjólstæðingur Sjónstöðvarinnar, nú Þjónustumiðstöðvarinnar og hafa kennsluráðgjafar komið í skólann hennar og leiðbeint henni og kennurum hennar. Auk þess hefur hún farið til þeirra þegar hún á leið til Reykjavíkur og fengið þar ráðgjöf um ýmislegt, svo sem tæknimál vegna stuðningstækja. Þá hefur hún fengið kennslu í daglegu lífi og lært hluti eins til dæmis hvernig best sé að hella í glas. Þá hóf hún blindraleturskennslu eftir leiðbeiningum ráðgjafa.

Þjónustumiðstöðin hefur verið stoð og stytta í leitinni að skólum þar sem að starfsmaður hefur fylgt Nínu í alla skólana, hvort sem er á landsbyggðinni eða í höfuðborginni. Þessi starfsmaður Þjónustumiðstöðvarinnar er kennsluráðgjafi og hefur undanfarin ár unnið með Nínu og hafa myndast traust tengsl þeirra á milli. Kennsluráðgjafinn tók eftir ýmsum atriðum varðandi umhverfisþætti skólanna sem Nína og Jónína höfðu ekki áttað sig á að mikilvægt væri að velta fyrir sér við val á skóla. Jónína er afar ánægð með þjónustu Þjónustumiðstöðvarinnar og þegar hún var spurð út í samskipti við starfsfólkið sagði hún:

það er alltaf einhver tilbúinn að tala við okkur, það er alveg meiriháttar

Mikilvægt er að einstaklingum finnist þeir geta leitað til þjónustuaðila með þær spurningar sem á þeim brenna og virðist Þjónustumiðstöðin vera að veita mjög góða þjónustu. Jónínu finnst hafa opnast nýr heimur við að kynna þeim sem starfa hjá Þjónustumiðstöðinni. Henni var ráðlagt að taka með á fund í Þjónustumiðstöðinni einstaklinga sem töldu að ástand Nínu væri dómur um það að hún myndi ekki eiga eðlilegt líf og fékk hún foreldra sína, ömmu og afa Nínu, með á fundinn. Þar fengu þau nýja sýn á hvað það er að vera blindur og sjónskertur og það þýði ekki að lífið verði sjálfkrafa slæmt.

Foreldrum Nínu hefur verið sagt að þeir þurfi ekkert að velta fyrir sér hlutum sem tengjast námi Nínu þar sem að hún muni fá alla þá hjálp sem hún þurfi og muni Þjónustumiðstöðin sjá til þess. Hvert sem Nína ákveður að fara mun hún fara í umferli, þar sem henni verður kennt að rata um skólahúsnaðið og næsta nágrenni. Rætt hefur verið um að hún þurfi að læra á umhverfið blindandi, því að sjón hennar er það lítil að við vissar aðstæður, t.d í myrkri, nýtist hún ekki neitt.

## **Hvað ræður vali á skóla?**

Þeir þættir sem Nína þarf að huga að áður en hún getur sótt um nám í framhaldsskóla eru á ýmsan hátt aðrir en hjá flestum öðrum unglingum. Það skapast bæði vegna sjónskerðingar hennar og eins vegna þess að hún þarf að flytja að heiman og í annað

bæjarfélag. Þeir þættir sem hún velur út frá eru félagslegir, umhverfislegir og námslegir. Ég mun nú gera grein fyrir þeim.

### ***Félagslegir þættir***

Nemendur af landsbyggðinni, þar sem ekki er framhaldsskóli, óháð öðrum þáttum þurfa að taka þá ákvörðun hvort þeir fari í heimavistarskóla, geti flutt inn til ættingja á meðan námi stendur eða leigja íbúð eða herbergi í nálægð við skólann. Hið síðastnefnda felur í sér að viðkomandi þarf að velja fyrir sér hlutum líkt og þrifum, eldamennsku og almennu heimilishaldi og neyðist því til að fullorðnast ansi hratt.

Nína hefur ætíð viljað fara í heimavistarskóla en eldri systir hennar sækir slíkan skóla á landsbyggðinni. Meðal ástæðna sem hún tiltekur eru; félagsskapurinn, en hún vill gjarnan vera með einhverjum í herbergi og losna við að þurfa að sinna heimilisverkunum. Hún sagði:

maður fer bara með þvottinn í þvottakörfu og þá er hann  
þveginn og svo sækir maður hann

Jónína tekur undir þetta og telur að það yrði mjög góður kostur að fara í heimavistarskóla þar sem eldaður væri matur og þvotturinn þveginn ásamt því að hafa félagsskap, í stað þess að leigja íbúð handa henni. En Nínu stendur íbúð til boða í Blindraheimilinu. Nína er ekki mjög spennt fyrir þeim kosti því hún telur að í íbúðum Blindraheimilisins búi mikið af eldra fólki en ekki unglingar sem hægt væri að hafa félagsskap af. Þá telja foreldrar hennar það ekki góðan kost að senda hana til ömmu og afa þar sem að þeirra mati eigi það ekki samleið fyrir fullorðið fólk að ala upp unglinga og því sé að þeirra mati best kosturinn að fara í heimavist.

Bekkjarkerfi er Nínu líka hugleikið og er ástæða þess að þá yrði hún með sömu nemendunum allan veturinn í stað þess að vera í áfangakerfi og þurfa sífellt að upplýsa samnemendur um sjónskerðingu sína. Má leiða líkum að því að í bekkjarkerfi

muni hún kynnast samnemendum betur og eiga þá auðveldara með að biðja um aðstoð þurfi hún á því að halda. Bæði Nína og Jónína virðast meðvitaðar um að heimavist eða bekkjarkerfi sé mjög mikilvægt þar sem að annars gæti orðið erfiðara að kynnast öðrum nemendum. Leggja þær því áherslu á skóla sem bjóða upp á annað hvort eða bæði.

### *Umhverfisþættir*

Fyrir blinda og sjónskerta einstaklinga skiptir miklu máli að umhverfið sé þægilegt að rata um og ekki of flókið. Það skiptir Nínu öllu máli að birtan sé góð. Fyrir hana eru góð birtuskilyrði mjög mikilvæg því nægileg lýsing er ekki fyrir hendi sér hún ekki neitt. Sama gerist ef birta er of mikil til dæmis þegar sólin skín framan í hana. Nína tiltók að einn skólinn væri með marga stóra glugga en við þær aðstæður sem voru þegar hún skoðaði skólann truflaði það hana ekki.

Fyrir Nínu er mikilvægt að húsnæðið sé einfalt og að ekki séu margar krókaleiðir en sumir skólanna voru töluvert flóknir að rata um. Hún veltir fyrir sér atriðum eins og að skólahúsið sé á einum stað, þ.e. að það sé ekki í mörgum húsum því þá gæti orðið erfiðara að rata um það. Nína sá kosti í því að hafa skólahúsið allt á einni hæð en verra er ef um er að ræða svokallaðar upphækkanir, t.d. tvær tröppur upp, sérstaklega af því að Nína notar stafinn ekki mikið. Einn skólinn hafði skrautlegar hurðir, fjólubláar og appelsínugular sem hjálpuðu Nínu að átta sig á hvar þær væru staðsettar. Jónína tiltók einn skóla á landsbyggðinni sem hún var mjög hrifin af þar sem henni fannst nágrenni skólans mjög hentugt og allt í göngufæri. Nína sjálf er hrifin af þeim skóla þó svo að skólahúsnæðið sé á nokkrum hæðum. Hún sá fyrir sér að hún myndi bara þurfa að læra á húsið færi hún þangað.

Einn skólinn bergmálaði mjög mikið og þar sem að Nína sér eins lítið og raun ber vitni treystir hún töluvert á heyrnina. Sé mikið bergmál truflar það hana því þá áttar hún sig til dæmis ekki á því hvaðan verið væri að kalla á hana. Hún hefur þó aðeins lent lítilliga í því og viðkomandi einstaklingur sem var að kalla á hana, kallaði aftur og leiðbeindi henni þannig.

Það á við um alla skólanna þar sem allt eru þetta ókunnar byggingar í hennar huga og því mun umferlið frá Þjónustumiðstöðinni væntanlega fara í það að læra á viðkomandi byggingu sem hún ákveður að stunda nám sitt í.

### *Námslegir þættir*

Eins og fram kom áður er það sveitarfélaganna að útvega stuðning fyrir Nínu. Nína sjálf virtist ekki vita það því hún sá fyrir sér ef hún fengi ekki stuðning frá skólanum gæti hún kannski ekki skilað verkefnum. Einnig sá hún fyrir sér að ef hún færi í þann skóla sem eldri systir hennar sækir, sem hún telur nokkuð líklegt, myndi hún geta reitt sig á hana en reiknaði samt ekki með því að systir hennar yrði alltaf tilbúin til þess. Jónína sagði að þau foreldrarnir hefðu tekið það skýrt fram við hana að það yrði ekki kostur að gera það:

...við vorum búin að segja henni að hún mætti ekki hengja sig á systur sína. Það væri bara ekki í dæminu.

Þetta varð til þess að Nína íhugaði á tímabili að hætta við að sækja um í þeim skóla. Nína er þó í mjög góðu sambandi við systur sína og fær stundum leiðbeiningar hjá henni varðandi námið í gegnum síma.

Þjónustumiðstöðin mun í samráði við Nínu finna út hvort og hversu mikinn stuðning Nína mun þurfa í skólanum. Foreldrarnir munu ekkert koma nálægt því eins og kemur fram í kafla um Þjónustumiðstöðina. Í grunnskóla Nínu fær hún engan stuðning inn í bekk en þess ber þó að geta að um mjög mikið fámenni er að ræða og má því segja að um einstaklingskennslu sé að ræða. Það mun því vera töluverð breyting þar á að fara í 20-25 manna bekk í venjulegum framhaldsskóla.

Í þessu kafla hef ég kynnt Nínu til sögunnar, fjallað um hennar stöðu, viðbrögð skólayfirvalda og hvað það er sem liggur til grundvallar í leit hennar að framhaldsskóla. Næsti kafli inniheldur lokaorð.

## 5. Lokaorð

Í þessari ritgerð hef ég fjallað um reynslu Nínu í leitinni að framhaldsskóla og kom í ljós að þrír þættir voru mikilvægastir í hennar augum. Þeir eru félagslegir, að hún hafi möguleika á að kynnast nýju fólki. Námslegir, en Nína vill geta leitað eftir aðstoð með heimanám þurfi hún þess og umhverfislegir, þar sem að til þess að fötlun hennar verði sem minnst þarf aðbúnaður að henta blindum og sjónskertum nemendum.

Það að Nína er eins opin og raun beri vitni mun koma til með að hjálpa henni við viðkynningu á nýju fólki. Það að hún kynnist fólki sem fyrst, er að mínu mati grundvöllur þess að hún muni stunda félagslífið í nýjum skóla þar sem að hún er töluvert háð vinum sínum á fjölmönnum viðburðum. Áhugavert er að Jónína hefur minni áhyggjur af félagslegri einangrun Nínu heldur en eldri sjáandi systur hennar sem sýnir að að blindar og sjónskertar ungar konur hafa ekki alltaf minna sjálfstraust heldur en sjáandi og gott sjálfstraust er lykillinn að því að kynnast öðru fólki. Heimavistin heillar Nínu og þar sem hún þarf að fara að heiman er það góður kostur því að þá getur hún leyft sér að vera unglingur lengur og þarf ekki takast á við heimilishald umfram það að hugsa um sitt herbergi.

Það að Þjónustumiðstöðin sjái til þess að Nína fái stuðning við námið virtist létta til með foreldrunum þar sem þeim var sagt að þeir ættu ekkert að velta því fyrir sér. Sveitarfélag þess skóla sem Nína mun sækja á að sjá um kostnaðinn við viðbótarstuðning fyrir hana og á það að gerast sjálfkrafa. Áhugavert verður að sjá hvernig það mun ganga þar sem að Þjónustumiðstöðin er nýtekin til starfa og ekki er komin mikil reynsla á það. En eins og kom fram í ritgerðinni eru ekki mörg ár síðan að fólk flúði land með börn sín vegna aðgerðarleysis stjórnvalda í þessum málum.

Ófatlaðir nemendur velta væntanlega lítið fyrir sér hlutum eins og hvort auðvelt sé að rata um skólahúsið, birtan sé næg og þess háttar. Þessi atriði eru mjög mikilvæg fyrir Nínu og það að nýlegar skólabyggingar skuli vera með upphækkanir þar sem þarf að ganga tvær tröppur upp eða niður er merkilegt í ljósi þess að aðgengi þarf að vera

fyrir alla í skólum fyrir alla. Þessar upphækkningar hljóta að gera það að verkum að fólk í hjólastólum neyðist til að fara aðrar leiðir og missa þá mögulega af því að fylgja félögnum. Birtan hefur mikið að segja fyrir Nínu og var það mjög skemmtilegt að heyra hversu vel var tekið í það í einum skólanum að það yrði gott að fá hana þar sem að þá yrðu skólayfirvöld að laga lýsinguna.

Eins og kom fram í ritgerðinni voru ekki allir skólarnir jafn tilbúnir að taka við sjónskertum nemanda. Einn skólinn gaf ekki möguleika á því að Nína myndi koma í heimsókn og annar sagðist ekki veita neinn auka stuðning. Ekki var gefið upp hverjar ástæðurnar voru en það leiðir hugann að valdi skolestjórnenda og því hvort um hafi verið að ræða kostnaðinn við að fá nemanda með sérþarfir inn í skólann en annar skólinn er í tiltölulega litlu bæjarfélagi. Hins vegar gæti líka verið að vanþekking starfsfólks skólans á blindu og sjónskerðingu hafi verið ástæða þess hvernig viðmótið var og þeir hafi ekki treyst sér í að bera ábyrgð á námi einstaklings án þess að vita hvernig best væri að haga kennslunni. Það þýðir að starfsfólk skólanna er ekki meðvitað um hverjar skyldur þeirra eru þar sem að í lögum segir að fatlaðir skuli njóta sama réttar og aðrir. Þessar hindranir, það er. viðmót skólayfirvalda þessarra tveggja skóla ollu því að Nína mun ekki sækja um í þeim. Aðrar hindranir eru umhverfistengdar eins og kemur fram að ofan. Aðgengið verður að vera í lagi svo skerðingin muni ekki hafa eins mikil áhrif á Nínu í daglegu lífi.

Hvort jafnrétti sé til náms á Íslandi er spurning sem vert er að velta fyrir sér. Samkvæmt lögum er það skýrt að allir eiga að geta sótt sér nám í framhaldsskóla en raunin virðist vera sú að aðgengið og viðmót skólayfirvalda sumra skóla kemur í veg fyrir að nemendur eins og Nína sækist eftir því að fara í þá. Myndi það vera jafnrétti til náms að geta ekki sótt skólann sem vinirnir fara í eða geta ekki farið á bestu málbrautina af því að í hjólastól kemst nemandinn ekki milli staða í skólanum.

Það er alltaf fróðlegt að sjá hlutina með öðrum augum og í þessu verkefni naut ég þess að ræða við unga lífsglaða stúlku sem stendur á tímamótum í sínu lífi. Það er stórt skref fyrir alla unglunga að fara í framhaldsskóla og þá sérstaklega að fara að

heiman aðeins 16 ára gömul. Nína leggur í það ári fyrr en flestir og virðist ekki smeyk við það. Þessi reynsla mín af því að taka viðtölin og vinna verkefnið hefur leitt huga minn að minni persónulegu reynslu í framhaldsskóla. Ég sótti um í þeim skóla sem mig langaði til að sækja og eina sem ég þurfti að velta fyrir mér var hvar ég ætlaði að búa, þar sem ég bý í sama þorpi og Nína. Hins vegar voru í skólanum nemendur í hjólastólum og velti ég stundum fyrir mér hvernig þeir komust í stofurnar þar sem maður þurfti að labba niður nokkrar tröppur eða að fara út í skúrana sem voru úti. Væntanlega hefur töflum þessara einstaklinga verið raðað þannig að þeir hafi ekki þurft að fara í þessar stofur. Heyrnarlausir nemendur voru nokkrir í skóla með mér og nutu þeir aðstoðar tólks sem sat fyrir framan þá og túlkaði það sem fram fór í tímanum. Ég velti því ekki fyrir mér þá en í dag hugsa ég hvort þeir hafi verið hvattir til að sækja tíma sem aðrir heyrnarlausir sóttu til að þurfa færri túlka eða hvort þau hafi haft sama val og ég sem tók ýmis skemmtileg valnámskeið.

## Heimildaskrá

- Aðalnámskrá framhaldsskólanna (2004). í undanþágur og frávik  
<http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/Mmal.pdf> [sótt 9. apríl 2009]
- Arnþór Helgason (2006). *Svíar standa við loforð sín ....* Blindrasýn. Fréttablað um málefni blindra og sjónskertra 2.tbl. 16. árg. 2006. Blindrafélagið: Reykjavík
- Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, 2006. Skólamál blindra barna í ólestri <http://www.blind.is/eldri-tilkynningar/nr/418> [sótt 21. apríl 209]
- Bogdan, R. C. og Biklen, S.K. (2003). *Qualitative research for education: An introduction to theory and methods.* (4. útgáfa). Boston: Allyn and Bacon.
- Brynhildur G. Flóvenz (2004). *Réttarstaða Fatlaðra.* Háskólaútgáfan: Reykjavík
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir (2006). Völd og valdaleysi: Um siðferði og ábyrgð rannsakanda. Í Rannveig Traustadóttir (Ritstj.), *Fötlun: Hugmyndir að nýju fræðasviði.* (bls. 122-136). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Helga Einarsdóttir (2008). Ungt blint og sjónskert fólk. Samfélag, sjálf og skóli Meistararitgerð í Fötlunarfræði. Óbirt MA ritgerð Félagsvísindasvið: Háskóla Íslands
- Lög um framhaldsskóla* (1996).  
<http://www.althingi.is/lagas/135a/1996080.html>  
[sótt 9. apríl 2009]
- McMillan, J H. (2004). *Educational research: fundamentals for the consumer.* Boston: Pearson.

Rannveig Traustadóttir (2007). Líf fatlaðra barna og ungmenna. Ný rannsókn, ný sjónarhorn. Í Gunnar Þór Jóhannesson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VIII* (bls. 349-355). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Rannveig Traustadóttir (2006). Í nýjum fræðaheimi: Upphaf fötlunarfræða og átök ólíkra hugmynda. Í Rannveig Traustadóttir (Ritstj.), *Fötlun: Hugmyndir að nýju fræðasviði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Rannveig Traustadóttir (2003). Fötlunarfræði: Aðferðir og áskoranir á n fræðasviði. Í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

*Reglugerð um kennslu fatlaðra nemenda í framhaldsskólum, 1998*

<http://brunnur.stjr.is/mrn/logogregl.nsf/nrar/reglugerdir3721998> [sótt 10. apríl 2009]

Sacks, S.Z. (2006). The development of social skills: A personal perspective. Í S.Z. Sacks og K.E. Wolffe (Ritstj.), *Teaching social skills to students with visual impairments: From theory to practice* (bls. 51-81) New York: AFB Press

Salamanca yfirlýsingin, 1994

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/utgefin-rit-og-skyrslur/HTMLrit/nr/2137> [sótt 20. apríl 2009]

*Samningur sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 1992*

<http://www.humanrights.is/log-og-samningar/mannrettindasamningar/sameinudu-tjodirnar/crc/>

[sótt 9. apríl 2009]

Scott, R. A. (1969). *The making of a blind men: A study of adult socialization*. New York: Russel Sage Foundation.

Tellis, W. (1997, September). Application of a case study methodology [81 paragraphs]. *The Qualitative Report* [On-line serial], 3(3).  
Available:<http://www.nova.edu/ssss/QR/QR3-3/tellis2.html> [sótt 9. apríl 2009]

Vaughan, E og Omvig, J.H. (2005). Education and rehabilitation for empowerment. Greenwich: Information Age Publishing

Wolffe, K. E. (2006). Theoretical Perspectives on the Development of Social Skills in Adolescence. Í Sacks, S. Z. og Wolffe, K.E. (Ritstj.), *Teaching social skills to students with visual impairments: From theory to practice*(bls. 81-117). New York: AFB Press.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og dauðblinda einstaklinga  
<http://sjonstod.is/> [sótt 9. apríl 2009]